

Úrræðalisti Smáralundar

1.þrep - deildir	2.þrep - sérhæfð íhlutun	3.stig - lausnaleit í brúarteymi
Skimanir og skráningar	Skimanir og skráningar	Lausnaleit
Bjargirnar	Orðaskil/úrvinnsla	Úrræðalisti leikskólans
Félagsfærni - gátlisti	TRAS/úrvinnsla	Eyðublað B
Málþroski - gátlisti	Íslenski þroskalistinn	
Hreyfiþroski og sjálfshjálp - gátlisti	Smábarnalistinn	
AHA skráningar	EFI-2	
Orðaskil	Hljóm-2	
TRAS	AAL listinn	
Hljóm-2	AEPS	
Gerd Strand		
Úrræði	Úrræði	Úrræði / eyðublað C
Gefðu 10	Aðkoma sérkennsluteymis?	Talmeinafræðingur/málþroskamat
Lubbi	TEACCH	Sálfræðingur/þroskamat
Lærum og leikum með hljóðin	Stuðningur við barn (3.fl.)	Sérkennslufulltrúi/ráðgjöf
Málörvun - málörvunarhópar	Einstaklingsþjálfun	Kennslufulltrúi fjölmennningar/ráðgjöf
Myndrænt dagskipulag	Hópaþjálfun	Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar /ráðgjöf
Myndræn stýring	Atferlisþjálfun	Fjölskyld- og barnamálasvið/málstjóri
Boðskiptakippur	Einstaklingsþjálfun	PMTO foreldranámskeið
PECS - myndir	Námsskrá/áætlun	Klókir litlir krakkar
Blær	Ráðgjöf - eyðublað A	
Stig af stigi	Ráðgjöf fyrir deild	
Félagsfærnisögur	Ráðgjöf til foreldra	
Teymisfundir með foreldrum		



Máli vísað í lausnaleit í samráðsteymi



Máli vísað í lausnaleit í brúarteymi

(Beiðni um samþættingu)

Leikskóli – þrepaskipting vinnu á stigi 1

1. þrep - deildin:

Byrjað er á að kortleggja stöðu barns og eru gátlistar leikskólans (félagsfærni, málþroski, hreyfiþroski og sjálfshjálpi) nýttir við það. Gátlistarnir, úrræðalisti leikskólans og deildarskipulag er síðan haft til hliðsjónar þegar íhlutun er skipulögð. Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur.

Ef íhlutun skilar ekki tilætluðum árangri á þeim tíma þá er hægt að vísa máli til lausnaleitar í samráðsteymi leikskólans. Samráðsteymi getur vísað máli aftur í vinnslu á þrep 1 (deild) með tillögum að breytingum á íhlutun. Samráðsteymi getur líka ákveðið að vísa máli yfir á þrep 2 (sérhæfð íhlutun).

2. þrep – sérhæfð íhlutun:

Kortlagning á stöðu barns á þrepi 2 felur í sér frekari skimanir og athuganir (sjá úrræðalista). Íhlutun er svo skipulögð út frá þeirri kortlagningu. Hægt er að óska eftir ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs fyrir deildir, hópa eða allan leikskólann á eyðublaði A (kennslufulltrúi fjölmennningar, sérkennslufulltrúi leikskóla, talmeinafræðingar, sálfræðingar, verkefnisstjóri PMTO).

Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur. Ef hún skilar ekki tilætluðum árangri þá getur samráðsteymi ákveðið að vísa máli til lausnaleitar í Brúarteymi leikskólans. Það er ávallt gert í samráði við forsjáraðila. Forsjáraðilar þurfa á þessu stigi að skrifa undir beiðni um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns. Einnig þarf að fylla út eyðublað B.

3. þrep – lausnaleit í brúarteymi:

Á fundum brúarteymis fer fram þverfagleg lausnaleit í málum sem er vísað þangað. Farið er yfir eyðublað B og er úrræðalisti leikskólans hafður til hliðsjónar í þeirri vinnu. Brúarteymi getur ákveðið að vísa máli aftur á þrep 1 (deild) eða þrep 2 (sérhæfð íhlutun) með tillögum að breytingum á íhlutun.

Brúarteymi getur einnig ákveðið að vísa máli yfir á stig 2 samkvæmt verkfelum Brúarinnar. Þá er er eyðublað C fyllt út. Þar er m.a. hægt að óska eftir mati talmeinafræðings og sálfræðings, ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar og námskeiðum fyrir foreldra.

Málþroski

Verkferlar ef áhyggjur eru af barni:

Áhyggjur af:

- 🍏 Framburði
- 🍏 Orðaforða
- 🍏 Setningamyndun
- 🍏 Hlustun
- 🍏 Heyrnrænni úrvinnslu
- 🍏 Hljóðkerfisvitund

Deildarstjóri og starfsmenn/kennarar deildarinnar byrja á því að skoða og/eða nota eftirfarandi:

- 🍏 Afla bakgrunnsupplýsinga (sjá eyðublað)
- 🍏 Sjónrænt skipulag (inni á deild, í fataklefa...)
- 🍏 Boðskiptakippur
- 🍏 Boðskiptareglur – Bína
- 🍏 Gefðu 10
- 🍏 Tákn með tali
- 🍏 Orðaforðaspjöldin, Menntamálastofnun.
- 🍏 Málörvun inni á deild, t.d. í frjálsum leik og samverum. Nota allar daglegar aðstæður til að skapa þörf fyrir boðskipti og tjáningu, leggja orð á allar athafnir. Muna að vera í augnhæð við barnið, veita því athygli og taka undir þegar það tjáir sig. Nýta kennsluefni sem leikskólinn býr yfir, t.d. spil, bækur og spjaldtölvur.

Athuganir og skráningar sem hægt er að leggja fyrir og eru lagðar fyrir:

- 🍏 Orðaskil (foreldrar)
- 🍏 Bjargir matslistar
- 🍏 Tras
- 🍏 Íslenski þroskalistinn/Smábarnalistinn (foreldrar)
- 🍏 Orðalistar fyrir fjöltyngda nemendur?? (foreldrar)
- 🍏 Hljóm-2
- 🍏 EFI-2
- 🍏 Gerd Strand

Félagsþroski og hegðun

Verkferlar ef áhyggjur eru af barni:

Áhyggjur af:

- 🍏 Hegðunarvandi
 - Missir stjórn á hegðun/tilfinningum
 - Mótþrói
 - Meiðir aðra
 - Truflar
 - Fer ekki eftir fyrirmælum
 - Erfiðleikar með að sitja kyrr
- 🍏 Sýnir vanlíðan
 - Depurð
 - Óöryggi
- 🍏 Slök samskiptafærni
 - Dregur sig úr hópnum
 - Lítið frumkvæði af samskiptum

Deildarstjóri og starfsmenn/kennarar deildarinnar byrja á því að skoða eða nota eftirfarandi:

- 🍏 Afla bakgrunnsupplýsinga (sjá eyðublað)
- 🍏 Sjónrænt skipulag
- 🍏 Boðskiptakippur
- 🍏 Boðskiptareglur – Bína
- 🍏 Tímavaka
- 🍏 Félagsfærnisögur
- 🍏 Félagsfærnisþil eins og t.d. Hetjuspilið og önnu samvinnuspil
- 🍏 Umbunarkerfi
- 🍏 Vinna með tilfinningar – Blær/Stig af stigi
- 🍏 Kenna tilfinningastjórnun – sjá blað
- 🍏 Þjóða upp á sessur og fiktdót í samverum og aðstæðum sem reyna á athygli.
- 🍏 Vera í nálægð við kennara eða sitja í fangi.
- 🍏 Skoða hvort allir starfsmenn bregðist eins við – samræma viðbrögð
- 🍏 Staðsetja kennara á þeim svæðum sem reynast erfið/krefjandi
- 🍏 Fylgja barninu í leik og grípa inn í áður en eitthvað gerist
- 🍏 Hafa minni hópa, t.d. í samverum

Athuganir og skráningar sem hægt er að leggja fyrir og eru lagðar fyrir:

- 🍏 Tras
- 🍏 Íslenski þroskalistinn/Smábarnalistinn (foreldrar)
- 🍏 AHA skráningar
- 🍏 Félagsfærnisskráning
- 🍏 Gerd Strand

Hreyfingroski og sjálfshjálp

Verkferlar ef áhyggjur eru af barni:

Áhyggjur af:

- 🍏 Fínhreyfingum
 - Grip um skriffæri
 - Grip um skæri
- 🍏 Grófhreyfingum
 - Hlaupa og klifra
 - Jafnvægi og styrkur
 -
- 🍏 Sjálfshjálp
 - Klæða sig í og úr fötum
 - Borða með áhöldum
 - Vera sjálfbjarga á salerni
 -

Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar byrja á því að:

- 🍏 Afla bakgrunnsupplýsinga (sjá eyðublað)
- 🍏 Hafa í boði í vali verkefni þar sem hægt er að æfa fínhreyfingar
- 🍏 Hvetja til hreyfinga á útisvæði og í hreyfisal skólans. Einnig að nota deildar og fataklefa til hreyfistunda og hreyfileikja
- 🍏 Aðstoða í fataklefa og hafa sjónrænt skipulag þar
- 🍏 Hvetja að nota rétt áhöld við matarborð

Athuganir og skráningar sem hægt er að leggja fyrir og eru lagðar fyrir:

- 🍏 Íslenski þroskalistinn/Smábarnalistinn (foreldrar)
- 🍏 Heilsubókin
- 🍏 Gerd Strand